

Samkomulag um framlengingu kjarasamnings Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna

og

Já hf

1.gr

Gildistími

Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Launabreytingar

Í stað gildandi launataxta koma nýir taxtar sbr. fylgiskjal 1. Launataxtar gilda frá 1. apríl 2019, 1. apríl 2020 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022.

Taxtahækkunar á samningstíma eru samtals 90.000 kr.

Almennar launahækkunar á samningstímanum:

- 1. apríl 2019 17.000 kr.
- 1. apríl 2020 18.000 kr.
- 1. janúar 2021 15.750 kr
- 1. janúar 2022 17.250 kr.

Kjaratengdir liðir hækka um 2,5% á sömu dagsætningum nema um annað hafi verið samið.

3.gr.

Desember og orlofsuppbætur

Orlofsuppbót m.v. fullt starf:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 50.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000 kr.

Eingreiðsla október 2019

Á árinu 2019 greiðist eingreiðsla í formi sérstaks álags á orlofsuppbót 26.000 kr. sem greiðist eigi síðar en 1.október.

blm
Uth
VTH
HBB
MUM

Desemberuppbót m.v. fullt starf:

Desemberuppbót 2019 kr. 103.000

Desemberuppbót 2020 kr. 106.000

Desemberuppbót 2021 kr. 108.000

Desemberuppbót 2022 kr. 110.000

4. gr.

Vinnutími

Frá 1. janúar 2020 kemur til framkvæmda vinnutímastytting með það að markmiði að ná fram gagnkvæmum ávinningi og bæta nýtingu vinnutíma þar sem því verður við komið.

Styttingin samsvarar því að hver vinnudagur styttest um 10 mínútur miðað við núverandi vinnutíma. Útfærsla á vinnutímastyttingunni getur verið með ýmsum hætti og skal gerð í samráði við starfsmenn.

5. gr.

Ný grein um skriflega ráðningarsamninga

Við samninginn bætist grein 14.2:

Í ráðningarsamningi/ ráðningarbréfi skal að lágmarki eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum þ.m.t. kennitölur.
2. Vinnustaður og heimilisfang vinnuveitanda. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum.
3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
6. Orlofsréttur.
7. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns.
8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður.

KH
MAM
LJA
VIT

11. Tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar skv. 6. - 9. tl. má gefa með tilvísun til kjarasamninga.

6. gr.

Uppsagnarfrestur

Grein 14.2. verður grein 14.3 og hljóðar svo: (númer annarra greina í 14. kafla breytist til samræmis)

Fyrstu þrjá mánuðina skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera ein vika miðað við vikuskipti.

Næstu þrjá mánuði skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður.

Eftir sex mánaða starf skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 3 mánuðir.

Uppsögn skal jafnan vera skrifleg og miðast við vikuskipti eða mánaðamót.

Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur fjórir mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir ef hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hinsvegar alltaf sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

Að öðru leyti fer um uppsagnarfrest skv. lögum nr. 19/1979

7. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

8.gr.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir kl. 12:00 þann 6. September 2019.

Reykjavík 21. ágúst 2019

F.h. Já hf

Kristín Þóra Haldrup
Vilborg Helga Harðardóttir
Helga Birna Brynjólfsdóttir
Magnús Þinar Magnússon

F.h. RSÍ vegna Félags íslenskra símamanna

Summa Sveinsdóttir
Sævar SP
Ríður Þórhildur Guðmundsdóttir

Launataxtar**1.apr.19**

	0-6 mán	6 mán	1 ár	3 ár	5 ár
Flokkur 15	301.172	306.894	312.787	318.856	323.111
Flokkur 16	306.894	312.787	318.856	323.111	329.549
Flokkur 17	312.787	318.856	323.111	329.549	338.183
Flokkur 18	318.856	323.111	329.549	336.182	343.015
Flokkur 19	323.111	329.549	336.182	343.015	350.053
Flokkur 20	329.549	336.182	343.015	350.053	357.299

1.apr.20

Flokkur 15	325.172	330.894	336.787	342.856	347.111
Flokkur 16	330.894	336.787	342.856	347.111	353.549
Flokkur 17	336.787	342.856	347.111	353.549	362.183
Flokkur 18	342.856	347.111	353.549	360.182	367.015
Flokkur 19	347.111	353.549	360.182	367.015	374.053
Flokkur 20	353.549	360.182	367.015	374.053	381.299

1.jan.21

Flokkur 15	349.172	354.894	360.787	366.856	371.111
Flokkur 16	354.894	360.787	366.856	371.111	377.549
Flokkur 17	360.787	366.856	371.111	377.549	386.183
Flokkur 18	366.856	371.111	377.549	384.182	391.015
Flokkur 19	371.111	377.549	384.182	391.015	398.053
Flokkur 20	377.549	384.182	391.015	398.053	405.299

1.jan.22

Flokkur 15	374.172	379.894	385.787	391.856	396.111
Flokkur 16	379.894	385.787	391.856	396.111	402.549
Flokkur 17	385.787	391.856	396.111	402.549	411.183
Flokkur 18	391.856	396.111	402.549	409.182	416.015
Flokkur 19	396.111	402.549	409.182	416.015	423.053
Flokkur 20	402.549	409.182	416.015	423.053	430.299

Utt
Vatt.

KM